

Vísad til úrskurðarnefndar

Fjármálaráðuneytið ákvað í gær að vísa ágreiningi um kjarasamning BHMR og ríkisins til sérstakrar úrskurðarnefndar, sem skipuð verði einum fulltrúa skipuðum af fjármálaráðherra, einum af BHMR og oddamanni skipuðum af yfirborgardómara í Reykjavík. Í kjarasamningi BHMR og ríkisins er kveðið á um að ef ágreiningur risi um framkvæmd kjarasamanburðar eða tólkun niðurstaðna geti hvor aðili vísað ágreiningnum til slíkrar nefndar.

Páll Halldórsson formaður BHMR sagði í gær að enginn ágreiningur væri um framkvæmd kjarasamanburðar, enda væri honum ekki lokið og því engin ástæða til að skipa þessa úrskurðarnefnd. Hann sagði Félagsdóm eðlilegan úrskurðaraðila í deilunni.

„Aðgerðanefndin fundar ásamt fulltrúum allra 23 aðildarfélaganna á mánudag og það er ljóst að við neyðumst til að ræða harðari aðgerðir en hingað til,“ sagði Eiríkur Brynjólfsson í aðgerðanefnd BHMR í samtali við Þjóðviljann í gær.

„Við höfum verið tiltölulega kurteis til þessa,“ sagði Eiríkur. „Það eru ýmsar fleiri leiðir til, alls konar skæruaðgerðir. Kennarar geta t.d. gripið til einhverra aðgerða í haust.“

Aðgerðanefndin hefur hvatt BHMR-félaga til að fresta starfi sínu í nefndum og ráðum ríkisins þar til gengið hefur verið að kröfum þeirra. Undantekning er gerð á nefndum sem félagar sitja í til að gæta eigin hagsmuna og einnig þar sem frestun á vinnu mætti einungis á einstökum skjólstæðingum, t.d. félagsmálaráða.

Þá hefur verið ákveðið að skora á félagsmenn að senda launaskrifstofunni ljósrít af launaseðlum sem sendir verða út þann 1. júlí með yfirlýsingu um að launin hafi verið móttækin en litið sé á þau sem greiðslu upp í

samningsbundin laun og nánari kröfur verði gerðar síðar um það sem á vantar.


„Auk þessa kom upp sú umræða á félagsfundinum á fimmtudag að þar sem menn eru þreittir og slegnir eftir atburði síðustu tveggja vikna þá ættu þeir ekki að þína sig til að mæta til vinnu á mánudag, líði þeim illa, enda veitir þeim ekki af að hvíla sig,“ sagði Eiríkur.

Ríkisstjórnin sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem tekið er fram að við kjarasamning BHMR og ríkisins verði að sjálfsögðu staðið en hafa verði í huga fyrstu grein samningsins, þ.e. að standa verði að launakerfisbreytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Þá segir að ljóst sé að allar hækkningar á launum háskólanna muni við núverandi aðstæður hafa í för

með sér röskun á hinu almenna launakerfi með samsvarandi hækkun almennra launa, vixlverkunum og aukinni verðbólgu. Því telji ríkisstjórnin frestun á framkvæmd endurskoðaðs launakerfis háskólamenntaðra ríkisstarfsfólks óhjákvæmilega eins og sakir standa. Áhersla er lögð á að viðræðum verði haldið áfram og lokið sem fyrst þeirri sameiginlegu vinnu sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Páll Halldórsson sagði að fulltrúar fjármálaráðuneytisins hefðu í gær hlaupið út úr tveimur nefndum og sent frá sér „eitthvað sem þeir kalla lokaálit sitt. Þar með telja þeir sig lausa allra mála, sem er fráleitt, enda stangast það á við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þau markmið sem nefndunum voru sett. Við litum á þetta sem brot á samningum,“ sagði Páll.

—vd/Sáf



Búnaðarbanki Íslands veitti styrki til starfsemi á sviði mannræktar og landræktar í tilefni 60 ára afmælis síns. Á myndinni eru viðtakendur: Svanhildur Arnadóttir frá Félagi einhverfra, Ólafur Jensson og Sigrún Pétursdóttir frá Íþróttasambandi fatlaðra, Sveinn Runólfsson frá Landgræðslu ríkisins og Ólafur Mogensen og Reynir Pétur frá Sólheimum í Grímsnesi. Mynd: Jim Smart.

Búnaðarbanki Íslands

Mannrækt – landrækt

Búnaðarbanki Íslands verður 60 ára á morgun, og hefur af því tilefni veitt styrki til uppbyggingarstarfsemi á sviði mannræktar og landræktar. Þrjú félög fengu styrki og auk þeirra Landgræðsla ríkisins.

Það voru Sólheimar í Grímsnesi sem fengu 1 milljón króna í styrk til byggingar lítillar skógræktarstöðvar til eflingar atvinnu vistmanna á Sólheimum. Umsjónarfélag einhverfra fékk einnig 1 milljón króna styrk til uppbyggingar almennrar starfsemi félagsins og svo hlaut Íþróttasamband fatlaðra 1 milljón króna til eflingar íþróttastarfi félagsins.

Búnaðarbankinn hefur ákveðið í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að framleiða og dreifa um landið „Landgræðslupokum Búnaðarbankans“, en þeir innihalda áburð, grasfræ og birkifræ. Þessum landgræðslupokum verður dreift frá öllum útibúum bankans meðan birgðir endast. Í höfuðstöðvum Landgræðslunnar, Gunnarsholti, verður útbúið sérstakur „Gróðurreitir Búnaðarbankans“, þar sem komið verður upp öllum þeim plöntutegundum sem Landgræðslan hefur sáð til og ræktað. Þar verður líka komið upp einkenni Búnaðarbankans, Sádmanninum í fullri

stærð. Landgræðslan fékk 3 milljóna króna styrk af þessu tilefni.

Búnaðarbankinn hefur verið starfræktur frá 1930, en lög um bankann voru hins vegar afgreidd frá Alþingi hinn 14. júní 1929. Bankinn rekur nú starfsemi í 34 útibúum og afgreiðslum og árið 1989 skilaði hann 240 milljóna króna hagnaði. Eigið fé bankans var í árslok 1989 2.417 milljónir og er eiginfjárlutfall hans 9.7%, en árið áður var það 8.6%. Útlána-dreifing bankans til atvinnugreina og einstaklinga er tiltölulega jöfn, en landbúnaðurinn tekur samt stærsta skerfinn eins og áður.

ns.

AB Reykjanesi

Yfingar forystu fordæmdar

Stjórn kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi fordæmir harðlega þær yfingar sem verið hafa með forystumönnum flokksins nú undanfarið. Stöðug viðleitni til að grafa undan formanni Alþýðubandalagsins og veikja þá forystu sem

mynduð var á landsfundi 1987 er til þess fallin að draga úr samstöðu og slæva baráttuvilja flokksfélaga segir í samþykkt frá fundi stjórnar kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi sem haldinn var sl. fimmtudagskvöld.

Stjórn kjördæmisráðsins minnir á að Alþýðubandalagið var stofnað til myndunar breiðfylkingar vinstrianna og því veki það furðu að sérstakt kjördæmisráð hafi ekki verið stofnað í Reykjavík.

Þá harmar stjórnin þann klofn-

ing sem verið hefur í ABR og krefst frumkvæðis framkvæmdastjórnar flokksins til sameiningar flokksmanna í Reykjavík.

„Áframhaldandi ástand með vaxandi yfingum með forystumönnum flokksins er óviðunandi. Því skorar stjórn kjördæmisráðsins á miðstjórn að halda þannig á málum að friður megi ríka í Alþýðubandalaginu.“

Í lok samþykktarinnar lýsir stjórnin yfir stuðningi við kjara-baráttu BHMR og skorar á formann Alþýðubandalagsins og fjármálaráðherra að beita sér fyrir sáttum í kjaradeilu BHMR og ríkisins.

Þá sendi fundurinn frá sér sérstaka ályktun þar sem lýst er yfir andstöðu við hugmyndir um að halda landsfund nokkru fyrir kosningar, en stuðningi lýst við að miðstjórn verði kölluð saman í haust til undirbúnings kosningastarfinu.

—Sáf

M-hátið

Borgfirskir listamenn

Sýning á vegum menntamálaráðuneytisins og M-hátiðnefndar í Borgarfirði verður opnuð í Reykholti á morgun kl. 16.

M-hátiðnefnd bauð myndlistarmönnum sem starfa í héraðinu, og öðrum sem tengjast sveitinni á annan hátt, að halda samsýningu í Reykholti. Úr varð

að níttján myndlistarmenn sýna saman, þau Ásgerður Búadóttir, Áslaug Jónsdóttir, Bjarni Þór Bjarnason, Elin Magnúsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Guttormur Jónsson, Helena Guttormsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Hreinn Elíasson, Hrönn Eggertsdóttir, Jónína Guðnadóttir, Kristín María Ingimarsdóttir,

Magnús Tómasson, Marlies Wechner, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Páll Guðmundsson, Sigríður Ásgeirsdóttir, Svanborg Matthíasdóttir og Vignir Jóhannesson.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13-18, og stendur til 6. ágúst næstkomandi.

Tæknileg leiðrétting

Í gær voru sett bráðabirgðalög um breytingu á lögum um Ábyrgðadeild fiskeldislána. Með lögnum eru gerðar tæknilegar leiðréttingar sem nauðsynlegar eru til að starfsemi deildarinnar gangi eðlilega fyrir sig.

Í bráðabirgðalögnum er felld á brott 2. málsgrein 8. greinar laganna og í stað þeirrar kemur: Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skal Ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnunum á grundvelli þeirra.

Að mati ríkisstjórnarinnar er hætt við að skapast hefði veruleg réttaróvissa um sjálfskuldarábyrgðir Framkvæmdasjóðs að óbreyttu og því reyndist nauðsynlegt að gera þessa tæknilegu breytingu með bráðabirgðalögum sem Forseti Íslands staðfesti í gær.

—grh